

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmda-
stjórnarinnar (ESB) 2024/893 frá 22. mars 2024 um að samþykkja hita-
meðhöndlaðan hvítlaukssafa sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og
ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzl (framkvæmdarákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/241) í XV. kafla II. viðauka við EES-
samninginn:

„12zzzzzzzzzzm. **32024 R 0893**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmda-
stjórnarinnar (ESB) 2024/893 frá 22. mars 2024 um að sam-
þykkja hitameðhöndlaðan hvítlaukssafa sem fyrirliggjandi
virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í samræmi
við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012
(Stjtið. ESB L, 2024/893, 25.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/893, sem
verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst full-
gildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/893, 25.3.2024.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.